

Uppgjör 2F 2026



29. júlí 2026

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason


- **Starfsemin á 2F 2026**

- Uppgjör 2F 2026

- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 2F 2026


- Reksturinn gekk í meginatriðum vel þó afkoman sé undir áætlunum



Helstu atriði uppgjörs


- Rekstur samstæðunnar gekk ágætlega á fjórðungnum þó að framlegð af eldsneyti hafi verið undir áætlunum.
- Vörusala jókst um 6,4% milli ára og aukning varð í öllum vöruflokkum.
- Framlegðarstig nam 24,9% og lækkar um 0,6 p.p. frá 2F 2025.
- EBITDA stóð nánast í stað milli ára.
- Handbært fé frá rekstri lækkar um 4,9 ma.kr. milli ára vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum tengt hækkun eldsneytisverðs á heimsmarkaði.
- Undirliggjandi rekstur er sterkur en ytri aðstæður hafa áhrif á afkomu.

Sala eykst milli ára - færri afgreiðslur og stærri körfur



Aukning í innlendri en samdráttur í erlendri kortaveltu

- Fækkun erlendra ferðamanna og áhrif lækkunar opinberra gjalda á eldsneyti skýra þróun í erlendri veltu



ELKO: Hápunktur á 2F 2026



ELKO heldur stöðu á markaði

- **ELKO var áfram í vexti** á meðan raftækjamarkaður drógst saman um 4,1% milli ára.¹
- **Hlutfall vefverslunar af sölu var 27,5%** á móti 25,3% á 2F 2025.



ELKO opnar í Smáralind

- **ELKO opnaði sína sjöttu verslun** í Smáralind í júní við góðar viðtökur.
- **Fyrstu vikurnar eru samkvæmt áætlunum** og hefur verslunin nú þegar fengið yfir 24.000 heimsóknir.



Endurnýjun ELKO Granda

- Verslun **ELKO á Granda verður endurnýjuð í haust.**
- Framkvæmdir hefjast í september og stefnt á opnun fyrir tilboðsdaga í nóvember.

1) Samkvæmt mælingum Meniga.

Krónan: Hápunktur á 2F 2026



Afgreiðslum í verslunum fjölga

- **Afgreiðslum í verslunum fjölgaði** um 2,6% milli ára án tillits til 9 vikna lokun Krónunnar í Lindum á 2F og **seldum vörum fjölgaði** um 4,5%.
- **Leiðrétt fyrir lokuninni í Lindum fjölgaði afgreiðslum** um 7,4% og **seldum vörum** um 10,7%.



Snjallverslun áfram í miklum vexti

- **52% aukning** í veltu milli ára.
- **47% aukning** í seldum vörum.
- **43% aukning** í fjölda afgreiðslna.
- Hlutfall af heildarveltu heldur áfram að aukast.



Opnun Krónunnar í Lindum

- Endurnýjuð verslun Krónunnar í **Lindum opnaði 11. júní** og hafa **viðtökur farið fram úr væntingum**.
- Frá opnun og fram til 26. júlí **fjölgaði afgreiðslum og seldum vörum um 15%** milli ára og **velta jókst um 21%**.

Lyfja: Hápunktar á 2F 2026



Stafrænar lausnir áfram í vexti

- **15% aukning** í stafrænni sölu milli ára.
- Þar bar hæst **56% aukning** á **lyfja.is** – Júní var metmánuður.



Lyfja styrkir stöðu sína á markaði

- Lyfja mælist með **98% vörumerkjaþekkingu** og nýtur **jákvæðasta viðhorfs** á apótekaramarkaði.¹
- **Meðmælaskor Lyfju hækkar** um 13 p.p. milli fjórðunga og um 20 p.p. milli ára.²



Húðvöruáhersla skilar sér

- Aukin markaðsáhersla á húðvörur skilaði **10% aukningu** í seldu vörum í vöruflokknum milli ára.
- **Mikil eftirspurn á tilboðsdögum** og uppselt á á fjölda fræðsluviðburða Lyfju á fjórðungnum.



Lyfja Heyrn í sókn

- **39% aukning** í framlegð Lyfju Heyrn milli ára og **11% aukning** í seldum heyrnartækjum.
- **Metfjöldi segist fyrst leita til Lyfju Heyrnar**² og heildaránægja mælist 9,2 af 10.

1) Samkvæmt könnun Prósents. 2) Samkvæmt könnun Gallup.

N1: Hápunktar á 2F 2026



Lykilmælikvarðar halda velli

- Seldum vörum fækkaði um 1,6% milli ára, en **sala á þjónustustöðvum stóð í stað**.
- Seldir lítrar drógust saman um 4,3%, aðallega vegna **minni sölu til stórnotenda**.



Krefjandi ytri aðstæður

- **Miklar verðhækkanir á eldsneyti** á heimsmarkaði höfðu töluverð áhrif á innkaupsverð.
- Verðhækkunum var ekki fleytt að fullu út í verðlag og var **framlegð af eldsneytissölu því undir áætlun**.



Ný stöð við Geysi

- **Ný stöð við Geysi var opnuð í byrjun júní**, en um er að ræða færslu frá fyrri staðsetningu á svæðinu.
- **Bætt aðstaða fyrir fólksbíla og stærri farartæki** við fjölfarinn ferðamannastað.



Nýtt dekkjahótel og þjónustumiðstöð


- **Ný alhliða þjónustuaðstaða** fyrir dekkjapjónustu, smur og bílapvott **opnar við Borgahellu í haust**.
- Allt á einum stað fyrir þjónustu við fólksbíla og atvinnutæki.
- **Aukin afkastageta** og bætt aðstaða til að mæta **vaxandi eftirspurn**.

- 
- Starfsemin á 2F 2026
 - **Uppgjör 2F 2026**
 - Staða og horfur


Rekstur á 2F 2026

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	46.347	43.579	2.768	6,4%
Framlegð af vörusölu	11.522	11.008	514	4,7%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	560	569	(9)	-1,6%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(6.002)	(5.585)	(417)	7,5%
Annar rekstrarkostnaður	(2.173)	(2.055)	(118)	5,7%
EBITDA	3.908	3.938	(30)	-0,8%
EBIT	2.420	2.470	(49)	-2,0%
Hagnaður tímabilsins	1.299	1.419	(120)	8,5%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	33,9%	35,8%	-1,9 p.p.	-5,2%
Laun/framlegð af vörusölu	52,1%	50,7%	+1,4 p.p.	2,7%
Hagnaður á hlut	4,22	4,55	-0,33	-7,3%

EBITDA/framlegð (12m undirliggjandi) ¹




Arðsemi eigin fjár (12m undirliggjandi) ¹



- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 2,8 ma.kr. eða 6,4% á milli ára en 1,0% án áhrifa gengis, heimsmarkaðsverði (HMF) eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti.
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 11,5 ma.kr. Aukningin nam 0,5 ma.kr. eða 4,7% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 24,9%, lækkar um 0,4 p.p. milli ára en hækkar um 0,9 p.p. án áhrifa gengis, HMF eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 6,0 ma.kr., og hækkar um 0,4 ma.kr. eða 7,5% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.754 á fjórðungnum, sem er aukning um 60 eða 3,5% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður** eykst um 0,1 ma.kr. eða 5,7% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 3,9 ma.kr. sem er lækkun um 0,8% milli ára.
- ♦ **Hagnaður fjórðungsins** nam 1,3 ma.kr. sem er lækkun um 120 millj. kr. milli ára.


Framlegð af vörusölu á 2F 2026

Framlegð af vörusölu




- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 11,5 ma.kr. og eykst um 4,7% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið var 24,9%**, og lækkar um 0,4 p.p. frá síðasta ári en hækkar um 0,9 p.p. ef gengi, HMV og opinber gjöld á olíu væru þau sömu.
- ♦ **Framlegðarhlutfall lækkar** í eldsneyti og rafmagni auk lyfsseðilsskyldum- og lausasölulyfjum, **en hækkar** í öðrum flokkum.
- ♦ **Framlegð af dagvöru** eykst um 7,8% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagni** minnkar um 2,6%, **raftækjum** eykst um 8,2%, **lyfsseðilsskyldum- og lausasölulyfjum** eykst um 2,3% og **öðrum vörum** eykst um 3,2%.


Dagvara



Eldsneyti og rafmagn




Raftæki



Lyfsseðilsskyld lyf og lausasölulyf



Aðrar vörur og þjónusta




Laun og starfsmannakostnaður á 2F 2026

Laun og starfsmannakostnaður 2F 2025	5.585
Stöðugildi - breyting	192
Samningsbundnar launahækkunar	191
Annar kostnaður	33
Laun og starfsmannakostnaður 2F 2026	6.002


- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 6,0 ma.kr. og hækkar um 0,4 ma.kr. eða 7,5% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 60 milli ára eða 3,5%.** Aukin stöðugildi vegna nýs kælivöruhús, Snjallverslunar og nýrrar verslunar í Smáralind.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 3,7%** milli ára. Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nam 198 millj. kr. (3,5% hækkun 1. jan 26).
- ♦ **Í heildina þá nemur hækkunin milli ára 3,2%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.

Laun og
starfsmannakostaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi

Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 2F 2026



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2025



Ánægðustu viðskiptavinir
á raftækjamarkaði

- Tekjur námu 5,0 ma.kr., aukning um 51 millj.kr. eða 1,0% á milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,5 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 425 millj. kr. sem er lækkun um 3 millj. kr. eða 0,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 186 millj. kr. sem er hækkun um 12 millj. kr. eða 6,8% á milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	5.003	4.952	51	1,0%
Heildargjöld	(4.578)	(4.524)	(54)	1,2%
EBITDA	425	428	(3)	-0,7%
EBITDA-hlutfall	8,5%	8,6%	-0,2 p.p.	-1,7%
EBIT	238	250	(12)	-4,9%
EBIT-hlutfall	4,8%	5,0%	-0,3 p.p.	-5,8%
Hagnaður	186	174	12	6,8%

Krónan - Helstu niðurstöður á 2F 2026



Matvöruverslanir



Sjálfbærniásinn í
annað sinn



Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur námu 21,7 ma.kr. og hækka um 1,6 ma.kr. eða 8,1% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana, ný stærri verslun í Reykjanesbæ og fleiri staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 0,4 p.p. milli ára.
- EBITDA 1.656 millj. kr., sem er hækkun um 146 millj. kr eða 9,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 727 millj. kr. sem er hækkun um 75 millj. kr. eða 11,5% á milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	21.690	20.061	1.629	8,1%
Heildargjöld	(20.034)	(18.551)	(1.482)	8,0%
EBITDA	1.656	1.510	146	9,7%
EBITDA-hlutfall	7,6%	7,5%	+0,1 p.p.	1,5%
EBIT	1.013	902	111	12,3%
EBIT-hlutfall	4,7%	4,5%	+0,2 p.p.	3,9%
Hagnaður	727	652	75	11,5%

Lyfja - Helstu niðurstöður á 2F 2026

 **42**

Apótek og útibú



Jafnvægisvugin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur námu 5,3 ma.kr., sem er aukning um 328 millj.kr. eða 6,6% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 1,1 p.p. milli ára en hækkar um 0,2 p.p. frá síðasta fjórðungi.
- EBITDA 341 millj. kr. sem er lækkun um 51 millj.kr. eða 13,0% á milli ára.
- Hagnaður nam 37 millj. kr. sem er lækkun um 28 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	5.290	4.961	328	6,6%
Heildargjöld	(4.949)	(4.570)	(379)	8,3%
EBITDA	341	392	(51)	-13,0%
EBITDA-hlutfall	6,4%	7,9%	-1,5 p.p.	-18,4%
EBIT	69	118	(49)	-41,7%
EBIT-hlutfall	1,3%	2,4%	-1,1 p.p.	-45,3%
Hagnaður	37	65	(28)	-42,7%

N1 - Helstu niðurstöður á 2F 2026



94

Afgreiðslustaðir
eldsneytis



11

Hjólbarða og
smurverkstæði



16

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 15,5 ma.kr., sem er aukning um 1,0 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns hækkar um 0,9 ma.kr. eða 9,0%. Magn í lítrum lækkaði um 4,3% milli ára.
- Framlegðarstig N1 lækkar um 1,6 p.p. milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum HMV eldsneytis og gengi gjaldmiðla er hækkunin 2,5 p.p milli ára.
- EBITDA nam 1.600 millj. kr. sem er lækkun um 66 millj. kr. eða 3,9% á milli ára.
- Hagnaður nam 402 millj. kr., og lækkar um 127 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	15.466	14.514	952	6,6%
Heildargjöld	(13.866)	(12.849)	(1.017)	7,9%
EBITDA	1.600	1.665	(66)	-3,9%
EBITDA-hlutfall	10,3%	11,5%	-1,1 p.p.	-9,8%
EBIT	783	832	(49)	-5,8%
EBIT-hlutfall	5,1%	5,7%	-0,7 p.p.	-11,6%
Hagnaður	402	528	(127)	-24,0%

Yrkir - Helstu niðurstöður á 2F 2026

 **84**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **99%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis

- Tekjur námu 1,2 ma.kr., aukning um 92 millj.kr. eða 8,2% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) nam 1.016 millj.kr. en var 951 millj.kr. á 2F 2025, aukning um 6,9%.
- EBITDA nam 960 millj.kr. sem er aukning um 8,0% milli ára.
- Gangvirðishækkun nam 61 millj. kr. sem er lækkun um 21 millj. kr. milli ára.
- Hagnaður nam 29 millj. kr. sem er lækkun um 2 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	1.211	1.119	92	8,2%
Heildargjöld	(251)	(231)	(21)	8,9%
EBITDA	960	889	71	8,0%
EBITDA-hlutfall	79,3%	79,4%	-0,1 p.p.	-0,2%
EBIT	469	442	27	6,2%
EBIT-hlutfall	38,8%	39,5%	-0,7 p.p.	-1,9%
Hagnaður	29	31	(2)	-7,7%


Efnahagsreikningur 30.06.2026

Milljónir króna	30.6.2026	31.12.2025	Breyt.	%
Rekstrarfjármunir	44.385	43.655	730	1,7%
Óefnislegar eignir	25.811	26.026	(215)	-0,8%
Aðrir fastafjármunir	19.698	19.415	283	1,5%
Fastafjármunir alls	89.895	89.096	799	0,9%
Birgðir	17.457	14.179	3.278	23,1%
Viðskipta- og skammtímakröfur	7.695	6.557	1.138	17,4%
Handbært fé	1.313	5.929	(4.616)	-77,8%
Veltufjármunir alls	26.465	26.665	(200)	-0,7%
Eignir samtals	116.360	115.761	599	0,5%
Eigið fé	46.789	47.684	(895)	-1,9%
Vaxtaberandi lán	23.166	24.016	(850)	-3,5%
Leiguskuldir	9.897	10.029	(132)	-1,3%
Tekjuskattskuldbinding	7.944	7.620	324	4,3%
Langtímaskuldir alls	41.008	41.666	(658)	-1,6%
Vaxtaberandi lán	5.892	3.393	2.499	73,7%
Leiguskuldir	1.572	1.438	135	9,4%
Viðskipta- og skammtímaskuldir	21.099	21.581	(482)	-2,2%
Skammtímaskuldir alls	28.563	26.411	2.152	8,1%
Skuldir og eigið fé alls	116.360	115.761	599	0,5%


Efnahagur stækkar um 0,6 ma. kr. frá áramótum.

- ♦ Fjárfest fyrir 3,2 ma. kr. á árinu.
- ♦ Aukin fjárbinding með hækkun olíuverðs. Birgðir hækka um 3,3 ma. kr., og viðskiptakröfur um 1,1 ma. kr.
- ♦ Greiddur arður nam 2,2 ma. kr.
- ♦ Ódregnar lánalínur námu 4,0 ma. kr. í lok júní.

Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA (12m undirliggjandi) ¹



Eiginfjárhlutfall




Sjóðstreymi samstæðunnar á 2F 2026


Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	4.220	5.029	(808)	-16,1%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	3.908	3.938	(30)	-0,8%
Breytingar á rekstrartengdum liðum	(2.829)	2.105	(4.933)	-234,4%
Vextir og skattar	(792)	(837)	45	-5,4%
Handbært fé frá rekstri	287	5.205	(4.918)	-94,5%
Fjárfestingar	(1.854)	(2.172)	319	-14,7%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	484	407	77	19,0%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.370)	(1.766)	396	-22,4%
Viðskipti við hluthafa	(2.151)	(1.401)	(751)	53,6%
Viðskipti við lánastofnanir	409	(1.784)	2.193	122,9%
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	(96)	(168)	72	-42,7%
Fjármögnunarhreyfingar	(1.839)	(3.353)	1.514	-45,2%
Gengismunur af handbæru fé	15	27	(12)	-45,0%
Handbært fé í lok tímabils	1.313	5.142	(3.829)	-74,5%

Sjóðstreymið áfram litað af áhrifum einskiptisliða

- ♦ Aukin fjárbinding í birgðum og viðskiptakröfum vegna hækkunar á olíuverði og lækkun á vskhlufalli 3,5 ma. kr.
- ♦ Óvenjulega há staða viðskiptaskulda ásamt afnámi olíugjalda um áramótin skýra um 1,0 ma.
- ♦ Greiddur var arður til hluthafa fyrir 2,2 ma. kr. en endurkaup fyrir 1 ma. kr. hófust 1. júlí sl.
- ♦ Greiddar afborganir af lánum fyrir 0,6 ma. og nýtt skammtímalán fyrir 1,0 ma. kr.
- ♦ Handbært fé í lok fjórðungsins nam 1,3 ma. kr.

Viðskipti við hluthafa/hagnaður síðasta árs





- Starfsemin á 2F 2026

- Uppgjör 2F 2026

- **Staða og horfur**

Horfur fyrir árið 2026

Staða og horfur

- ♦ Heilt yfir eru horfur í rekstri góðar þrátt fyrir óvissu í efnahags- og alþjóðamálum.
- ♦ Krónan í mikilli sókn og útlit fyrir að hún skili áfram kröftugum og arðbærum vexti. **ELKO og Lyfja halda sínum takti** á meðan útlit er fyrir að **N1 muni áfram verða fyrir neikvæðum áhrifum af hækkun og sveiflum heimsmarkaðsverðs á eldsneyti.**
- ♦ Fram undan eru mikilvæg verkefni, m.a. opnun **nýs apóteks Lyfju** á Völlunum í Hafnarfirði, opnun **nýrrar verslunar Krónunnar** á Höfn og frekari uppbygging **veitingaþjónustu N1.**
- ♦ **Fjárhagslega staða er traust** þótt aukin fjárbinding í vörubirgðum og viðskiptakröfum hafi tímabundið haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi.
- ♦ **Undirliggjandi rekstur er sterkur** og tækifærin mörg til að efla afkomu félagsins enn frekar.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi

- ♦ EBITDA spá félagsins fyrir 2026 er lækkuð um 500 millj. kr. og nemur 16,0 – 16,5 ma. kr.
- ♦ CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 7,5 – 8,0 ma. kr.


Forsendur afkomuspár

- **Áframhaldandi spenna í Mið-Austurlöndum** hefur skapað verulega óvissu.
- **Verð á eldsneytis-mörkuðum hafa hækkað mikið** vegna áhyggja af truflunum í aðfangakeðjum.
- **Verðbólga á Íslandi hefur aukist** og haldist hún við núverandi stig út árið mun hún hafa töluverð áhrif á allan kostnað.
- Gerum frekar ráð fyrir að **stýrivextir hækki** á seinni helmingi ársins.
- Gert ráð fyrir að **raungengi krónu verði áfram hátt** fram í fjórða ársfjórðung ársins.

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	16,0
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,4
Gildi - lífeyrissjóður	9,5
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	9,1
Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	6,9
Stapi lífeyrissjóður	4,2
Birta lífeyrissjóður	4,1
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,7
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8
Festa - lífeyrissjóður	2,1

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Markaðsupplýsingar	30.6.2026	31.12.2025	Breyting
Útistandandi hlutir	309 m.	309 m.	-0,1%
Verð í lok tímabils	311 kr.	324 kr.	-4,0%
Markaðsvirði	96.058 m.kr.	100.161 m.kr.	-4,1%
Velta 12m	45.720 m.kr.	55.325 m.kr.	-17,4%
Fjöldi hluthafa	2.073	1.729	19,9%
Hagnaður á hlut (12M)	19,5	20,0	-2,3%

Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



A blue-tinted photograph of a glacier and water, with a white silhouette of a person in the foreground.

Takk fyrir

♦ Fyrirvarar

- ♦ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ♦ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ♦ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ♦ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttá sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ♦ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ♦ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.